

Orð	Orðskýring
<b>Afkoma</b>	Niðurstaða rekstrarreiknings, þ.e. yfirlit um afkomu.
<b>Afskrifa kröfu</b>	Lækka bókfært verð kröfu niður í metið verðgildi, sama og niðurfærsla kröfu.
<b>Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna</b>	Dreifing mismunar á kostnaðarverði og lokavirði varanlegs rekstrarfjármunar á áætlaðan notkunartíma.
<b>Afskrifað kaupverð/ kostnaðarverð</b>	Kostnaðarverð eignar að frádregnum afskriftum.
<b>A-hluta stofnun</b>	Til A-hluta telst starfsemi og verkefni sem eru einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.
<b>B-hluta stofnun</b>	Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.
<b>Birgðir</b>	Forði, aðföng. Vörur eða efni sem eiga að endast eða geymast í nokkurn tíma og nota á við starfsemi á komandi tímabilum.
<b>Bókfært verð</b>	Kaupverð/kostnaðarverð að frádregnum afskriftum, niðurfærslum eða virðisrýrnun.
<b>Bókunartákn</b>	Svæði fyrir bókunartákn er fyrirfram skilgreint í bókhaldskerfum og notað til að merkja skatt- og framtalsskyldar greiðslur, bókun á lána færslum og sérstökum vsk-vinnslum. Bókunartákn fylgir gjarnan kennitölu þess aðila sem færslan á við og er tengt tegundum.
<b>C-hluta stofnun</b>	Til C-hluta teljast sameignar- eða hlutafélög í meirihlutaeigu ríkisins. Til C-hlutans telst einnig Seðlabanki Íslands.
<b>Endurmat</b>	Kerfisbundin breyting á bókfærðu verði eigna til að færa bókfært verð þeirra sem næst raunvirði á hverjum tíma.
<b>Endurmetið kaupverð</b>	Upphaflegt kaupverð/kostnaðarverð eignar sem hefur verið endurmetið.
<b>Gangverð</b>	Verðið sem fengist við sölu á eign eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi.
<b>Greiðslugrunnur</b>	Reikningsskilaaðferð sem kveður á um að viðskipti og skuldbindingar þeim tengdar skuli færa á því tímabili þegar greiðsla vegna þeirra fer fram. Uppgjör á greiðslugrunni sýnir þær tekjur sem hafa innheimst og gjöld sem greidd hafa verið á því tímabili sem uppgjórið nær yfir. Sjá einnig rekstrargrunnur.
<b>IFRS</b>	Alþjóðlegir staðlar um reikningsskil fyrir einkageirann, International Financial Reporting Standards.
<b>Innbyrðis færslur</b>	Viðskiptahreyfingar milli eininga innan samstæðu.
<b>Innbyrðis stöður</b>	Viðskiptastöður milli eininga innan samstæðu.
<b>IPSAS</b>	Alþjóðlegir staðlar um reikningsskil fyrir opinbera geirann, International Public Sector Accounting Standards.
<b>Kaupverð</b>	Verð sem greitt er fyrir eign. Sjá einnig kostnaðarverð.
<b>Málaflokkar</b>	Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið.

Orð	Orðskýring
<b>Langtímakrafa</b>	Kröfur eða aðrar peningalegar fjárfestingar sem ekki verður krafði um næstu 12 mánuði og reiknað er með að verði áfram í eigu viðkomandi í meira en eitt ár.
<b>Langtímaskuld</b>	Skuld sem draga má greiðslu á meira en næstu 12 mánuði án þess að viðurlögum verði beitt.
<b>Málefnasvið</b>	Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda.
<b>Mikilvægismörk</b>	Þau mörk sem menn setja sér við gerð reikningsskila. Fjárhæðir innan þeirra marka eru ekki taldar hafa áhrif á notanda reikningsskila og því getur verið að þær séu t.d. ekki flokkaðar sér.
<b>Niðurfærsla</b>	Lækkun á virði eigna eða skulda, færð sem varúðarráðstöfun til varnar ofmati.
<b>Óefnisleg eign</b>	Eign sem er aðgreinanleg og ópeningaleg og er ekki í hlutkenndu formi, t.d. hugbúnaður.
<b>Opinber aðili</b>	Aðili sem fer með ríkis- eða sveitarstjórnarvald og þær stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga.
<b>Reikningsskilaaðferðir</b>	Þær meginreglur og þeim tengd viðmið sem beitt er við gerð ársreiknings. Grundvallarreglurnar tvær eru greiðslugrunnur og rekstrargrunnur.
<b>Rekstrargrunnur</b>	Reikningsskilaaðferð sem kveður á um að viðskipti og skuldbindingar þeim tengdar skuli færa á því tímabili þegar þau eiga sér stað óháð því hvenær greiðsla fer fram. Tekjur færast þegar réttur til að innheimta þær myndast og kostnaður þeim tilheyrandi er færður á móti á sama tímabil. Sjá einnig greiðslugrunnur.
<b>Ríkisaðilar</b>	Aðilar sem fara með ríkisvald og þær stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins. Ríkisaðilar skiptast í A, B- og C-hluta.
<b>Samstæða</b>	Hópur eininga/stofnana með samstæða eiginleika sem heyra undir ábyrgð eins aðila svo sem móðurfélags, ráðuneytis eða annars aðila.
<b>Samstæðuuppgjör</b>	Samandreginn ársreikningur fyrir samstæðu, þ.e. móðurfélags með öllum dótturfélögum eða undireiningum.
<b>Sjóðstreymi</b>	Breyting á handbæru fé eða sjóðseign á ákveðnu rekstrartímabili, t.d. frá upphafi til loka ársins og streymi í sjóðinn eða úr honum. Þrennt hefur áhrif á sjóðsstöðu; rekstarhreyfingar, fjárfestingahreyfingar og fjármögnunarhreyfingar.
<b>Tegundalykill</b>	Tegundir í fjárhagskerfi Orra eru safn bókhaldsreikninga sem settir eru upp á skipulegan hátt til að ná flokkun liða sem þörf er á. Form tegundanna eru tölustafir sem kerfisbundið mynda bókhaldslykil í fjárhagskerfinu. Tegundirnar eru samræmdar fyrir allar stofnanir ríkisins og ætlað að greina eðli gjalda og tekna, sundurliða eigna- og skuldaliði eftir ákvæðum um reikningsskilavenjur og þarfa ríkisaðila.
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	Efnislegar eignir sem eru notaðar til framleiðslu á vörum eða til að veita þjónustu, til útleigu eða í stjórnunarlegum tilgangi og eru ætlaðar til nota lengur en eitt reikningsskilatímabil.
<b>Yfirlit um afkomu</b>	Hefðbundinn rekstrarreikningur.
<b>Yfirlit um heildarafkomu</b>	Rekstrarreikningur sem sýnir allar hreyfingar á eigin fé þar sem fyrri hluti hans er hefðbundinn rekstrarreikningur en seinni hlutinn sýnir hreyfingar sem fara beint á eigið fé.